


SKRÁNINGARLÝSING

Víkjandi verðtryggð skuldabréf Kaupþings Búnaðarbanka hf.
1. flokkur 2004




KB BANKI

YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu 1. flokks skuldabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir árið 2004 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans. Skráningarlýsingin er gerð skv. 6 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. desember 2004
f.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.



Hreiðar Már Sigurðsson
Kt.191170-5719
Forstjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt: 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar 1. flokks skuldabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir árið 2004 var aflað þeirra gagna sem að mati Kaupþings Búnaðarbanka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og verðbréfum hans og að mati Kaupþings Búnaðarbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á. Skráningarlýsingin er gerð skv. 6 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. desember 2004
f.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.



Baldur Þór Vilhjálmsson
Markaðsviðskipti
Kt. 250476-2999



Ingólfur Helgason
Forstöðumaður markaðsviðskipta
Kt. 041067-5279

Almennar upplýsingar um verðtrygð skuldabréf Kaupþings Búnaðarbanka hf., 1. flokkur 2004.

Útgefandi	Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444-6000, bréfsími 444-6009.
Ábyrgð á skráningarlýsingu	Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444-6000, bréfsími 444-6009, ábyrgist þessa skráningarlýsingu, sem gerð er skv. 6 gr. IV. viðauka við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.
Samþykki skuldabréfaútgáfu	Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 6. nóvember 2003. Samþykkt er að gefa út víkjandi skuldabréf fyrir 5.000.000.000,- kr. að nafnverði. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni, ef núverandi heimild frá 6. nóvember 2003 verður fullnýtt.
Starfsemi	Tilgangur Kaupþings Búnaðarbanka hf., skv. 3. gr. samþykta félagsins, er að stunda starfsemi sem lánastofnunum er heimil lögum samkvæmt. Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er heimilt að veita lán í eigin nafni og afla í því sambandi fjár með útgáfu og sölu skuldabréfa og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Félaginu er einnig heimilt að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við útlánastarfsemi. Þá skal félagið annast verðbréfamiðlun og bjóða fram sérfræði-, rannsóknar- og upplýsingaþjónustu í tengslum við slík viðskipti, annast útbod verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og tengda fjármálaþjónustu, annast umsjá og vörslu verðbréfa, verðbréfasjóða og eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning og sinna annarri starfsemi sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafa með höndum sem og þeirri starfsemi annarri sem lánastofnunum er heimil, eftir því sem nánar verður ákveðið.
Umsjón með skráningu	Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging	Heildarnafnverð 1. flokks 2004 verður a.m.k. 5.000.000.000,- kr. Flokkurinn er opin. Útgáfudagur bréfanna var 22. mars 2004. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni afborgun þann 22. mars 2014. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 2.000.000.000,-. Flokkurinn er ekki sölutryggður.
Nafnvextir og verðtrygging	Skuldabréfin í 1. flokki 2004 eru vaxtagreiðslubréf og bera þau 5,40% ársvexti sem greiddir eru árlega þann 22. mars ár hvert, fyrst 22. mars 2005 og síðast 22. mars 2014. Bréfin eru innkallanleg frá og með 22. mars 2009. Verði bréfin ekki innkölluð 22. mars 2009 þá hækka nafnvextir bréfanna í 7,4%. Bréfin bera vexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 22. mars 2004. Vextir reiknast af uppreiknuðum höfuðstól á hverjum gjalddaga. Skuldabréfin eru verðtrygð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í mars 2004, 229,4. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.
Víkjandi ákvæði	Krafa skv. skuldbréfi í 1. flokki 2004 vikur fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda og við gjaldþrot eða slit endurgreiðist hún á eftir öllum kröfum öðrum en endurgreiðslu hlutafjár.

Innköllunarheimild	Frá og með vaxtagjaldþaga árið 2009 og á öllum gjalddögum þar í frá er Kaupþingi Búnaðarbanka hf. heimilt að innkalla öll skuldabréfin í þessum flokki. Verði innköllunarheimildin nýtt skal Kaupþing Búnaðarbanki hf. innleysa bréfin á 5,40% ávöxtunarkröfu. Hafi bréfið verið innkallað reiknast hvorki verðbætur né vextir á skuldina eftir þann gjalddaga sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. innkallar bréfið. Verði bréfin ekki innkölluð bera þau 7,40% vexti frá og með 22. mars 2009. Innköllun skal birt opinberlega í a.m.k. einu dagblaði, 90 dögum fyrir innlausn.
Einingar skuldabréfanna	Bréfin eru gefin út rafrænt skráð í 10.000.000.- krónu einingum. Lágmarksviðskiptaeining í Kauphöll Íslands hf. er 10.000.000,- kr.
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Útgáfudagur bréfanna var 22. mars 2004. Ávöxtunarkrafan á fyrsta söludegi var 5,4% og sölugengi 1,00015. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Viðskiptavakt	Engin viðskiptavakt er á skuldabréfaflokknum.
Skráning	Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2004 skuldabréfa Kaupþing Búnaðarbanka hf. á skrá og verða þegar seld bréf að upphæð kr. 2.000.000.000,- að nafnverði skráð þann 30. desember 2004 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er KAUP 04 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000009173.
Kostnaður	Kaupþing Búnaðarbanki hf. greiðir allan kostnað við útgáfuna. Kostnaður er áætlaður um 0,75% af söluverðmæti skuldabréfanna. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld.
Heildarfjárhæð, sem aflast með útboðinu	1985 milljónir króna.
Tilgangur sölunnar	Að afla fjár til starfsemi Kaupþings Búnaðarbanka hf.
Fyrirkomulag sölu og sölutímabil	Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði frá 22. mars 2004 til 22. apríl 2004. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.
Umsjón með skráningu og sölu	Umsjónaraðili: Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Greiðslustaður	Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík nema öðrum aðila verði falin þau til innheimtu. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfsins.
Tryggingar	Kaupþing Búnaðarbanki hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.
Fyrningarákvæði	Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjaldaga skv. 3. gr. sömu laga.

Viðtökudráttur og vanskil

Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Framsal og eignaréttur

Gagnvart bankanum skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Skattamál

Skattaleg meðferð á skuldabréfunum fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5 tl. 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Kaupþing Búnaðarbanki hf. ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3 gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Skuldabréfin eru undanþegnir stimpilgjöldum skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 113/1996 um skattskyldu lánastofnana.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn um Kaupþing Búnaðarbanka hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.